

Nr. 9

1. ágúst.

Lög

um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem því geti stafað af ófriði stórvelda í Norðurálfu.

2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gjörist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lögmæltum útgjöldum, sbr. þó 4. lið.
3. Að taka ennfremur alt að 500 þúsund króna lán til slíkra kaupa.
4. Að stöðva fjárgreiðslur þær, sem taldar eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 í 13. grein, B. II—XVIII, svo og allar lánveitingar úr viðlagasjóði, er heimilaðar eru í fyrgreindum fjárlögum, þó svo að eigi komi í bága við þegar gjörða samninga og ráðstafanir um verk eða loforð um lánveitingar á þessu ári.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt, að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á öllum aðfluttum nauðsynjavörum, svo sem matvælum, veiðarfærum, salti, kolum o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast

nauðsynleg vegna yfirvofandi eða hafins Norðurálfuófriðar. — Þó má eigi meina **Nr. 9** skipum að taka hjer kol eða aðrar birgðir, er þeim eru nauðsynlegar, til þess að 1. ágúst komast heim til sín.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvælum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

Heimilt er stjórninni enn fremur að ákveða í reglugjörð refsingar fyrir brot gegn þessari grein.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hvenær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, og hvernig skuli selja þær.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju byggðarlagi krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum eða framleiðendum, enda komi fult endurgjald fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og gilda þar til næsta Alþingi kemur saman.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalínuborg, 1. ágúst 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.